

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

7. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 3. febrúar 2014 í félagsaðstöðu Sundfélags Hafnarfjarðar Ásvallalaug.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Stefán Kristófersson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Viðar Halldórsson (FH), Sigurjón Andersen (KK), Kristín Pétursdóttir (SH), Þórarinn Sófusson (GSE), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Þórunn Ansnes (Sörli), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir) og Anders Már Þráinsson (SÍH). Forföll: Arnar Geirsson (Bjartur), Anton Ingi Sigurðsson (ÍH), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH), Hafsteinn Eyland Brynjarsson (AÍH), Magnús Gunnarsson (Haukar) og Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH).

## 1. Aðalfundur félaga / deilda / rekstrareininga aðildarfélaga ÍBH

Aðildarfélögin minnt á að halda árlegan aðalfund, skila ársskýrslu og ársreikningum bæði til skrifstofu ÍBH og til íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Ef félög gera lagabreytingar þarf að skila þeim ásamt breyttum lögum til ÍBH sem kemur þeim áfram til laganefndar ÍSÍ til staðfestingar.

## 2. Starfsskýrslur ÍSÍ

ÍSÍ vekur athygli á að búið er að opna fyrir starfsskýrsluskil í Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Skilafrestur er 15. apríl nk. Ef félögum vantar nánari upplýsingar um kerfið er hægt að finna þær í handbók sem er á vefsíðu [www.felix.is](http://www.felix.is) að lokinni innskráningu. Verkefnastjóri Felix er Óskar Örn Guðbrandsson ([oskar@felix.is](mailto:oskar@felix.is)) ef félögum vantar aðstoð er hægt að leita til hans. Ef félög óska eftir að sækja námskeið um notkun Felixkerfisins veitir Óskar Örn nánari upplýsingar um þau.

## 3. Lífshlaupið

Er eitt af almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og verður ræst í sjöunda sinn miðvikudaginn 5. febrúar nk. Verkefnið er vinnustaðakeppni, grunnskólakeppni og einstaklingskeppni og er markmið þess að hvetja almenning til að hreyfa sig meira. Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu verkefnisins [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is)

## 4. Birting upplýsinga og myndefnis af börnum og notkun samfélagsmiðla

Farið yfir almenn viðmið um heimasíður skóla, íþróttafélaga og annarra sem koma að æskulýðs- og tómstundastarfi sem SAFT, mennta- og menningarmálaráðuneytið og samtökin heimili og skóli hafa tekið saman. Félögin beðin um að koma upplýsingunum áfram til þeirra sem vinna með börnum og unglungum í félögunum.

## 5. Húsaleigustyrkir

Upplýsingar og yfirlit um afnot íþróttafélaga af íþróttamannvirkjum árið 2013 samkvæmt fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar 2013 og tímaúthlutun ÍBH fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði frá maí 2012 lagt fram til kynningar. Gögnin hafa verið send formönnum íþróttafélaga. Húsaleigustyrkirnir voru samtals kr. 246.202.000. Íþróttafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar gefur frekari upplýsingar um húsaleiguna ef þess er óskað.

## 6. Endurskoðun reglugerðar Afreksmannasjóðs ÍBH

Stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH hélt fund 27. janúar sl. Á honum var ákveðið að mælast til þess að stjórn ÍBH endurskoðaði reglugerðina um sjóðinn. Á fundi stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH var sérstaklega rætt um tvo liði sem þyrfti að skoða nánar. Í fyrsta lagi styrki til liða sem taka þátt í Evrópukeppni félagsliða. Athuga þarf hvort það þurfi að skipta styrkjunum í nokkur þrep eftir íþróttgreinum / fjölda keppenda. Í öðru lagi þarf að byrja aftur á því að greiða afreksstyrki til ungra og efnilegra íþróttamanna. Sérstaklega þeirra sem fara í dýr verkefni eins og EM unglunga / ungmenna, HM unglunga / ungmenna, ÓL - Evrópuæskunnar og ÓL – Ungmenna. ÍSÍ hætti að styrkja unga og efnilega íþróttamenn 2013. Stjórn ÍBH samþykkti að skipa vinnuhóp sem

endurskoðar reglugerðina, hann skipa Kristín Pétursdóttir formaður SH og formaður stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH, Bergsteinn Hjörleifsson gjaldkeri stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH og fulltrúi Golfklúbbsins Keilis, Benedikt Olgeirsson ritari stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH og varaformaður FH og Ingvar Kristinsson formaður Fimleikafélagsins Björk.

#### **7. Úthlutun afreksstyrkja fyrir árið 2013**

Minnt á úthlutun afreksstyrkja sem fer fram fimmtudaginn 6. febrúar 2014 kl. 12.10 í Álfafelli Íþróttahúsinu við Strandgötu. Boðsbréf hafa verið send út til kjörinna bæjarfulltrúa, ÍTH nefndar Hafnarfjarðarbæjar, formanna / deildarformanna og styrkþega aðildarfélaga, stjórnar ÍBH og fyrrverandi formanna ÍBH.

#### **8. Staðan á endurskoðun samninga við íþróttahreyfinguna**

Fulltrúar ÍBH hafa undanfarnar vikur fundað með Hafnarfjarðarbæ um leiðréttingu á skerðingum samninga og endurskoðun samninganna. Farið var yfir helstu þætti vinnunnar.

#### **9. Gögn sem ÍBH hefur borist:**

- a). Bréf frá ÍSÍ um fjarnám 1., 2. og 3. stigs.
- b). Bréf frá Siglingasambandi Íslands um Siglingaþing 22. febrúar nk í Íþróttamiðstöð ÍSÍ í Reykjavík.
- c). Bréf frá KSÍ um kosningar í stjórn á 68. ársþingi KSÍ 15. febrúar nk.
- d). Bréf frá Karatesambandi Íslands um karateþing 22. febrúar nk í Íþróttamiðstöð ÍSÍ í Reykjavík.
- e). Fréttabréf Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) janúar 2014.

#### **10. Önnur mál**

- a). ÞA greindi frá því að Hestamannafélagið Sörli eigi 70 ára afmæli 7. febrúar nk og að afmælishátíð félagsins yrði haldin 8. febrúar nk að Sörlastöðum.
- b). Fundarmenn minntir á vinnufund stjórnar ÍBH með Capacent fimmtudaginn 13. febrúar nk kl. 17.00 – 20.00 í Hraunkoti hjá Golfklúbbum Keili.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og lauk kl. 19.20.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.